



Borgarráð

***Breytt skipan í stýrihóp um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar***

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipa Magneu Gná Jóhannsdóttur í stýrihóp um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar, í stað Guðnýjar Maju Riba. Hjálagt eru drög að uppfærðu erindisbréfi.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar, drög



## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

#### Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 1. mars 2016 var samþykkt að stofna stýrihóp með það hlutverk að móta heildstæða matarstefnu fyrir Reykjavík. Meginmarkmið með mótun matarstefnu var að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Matarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 15. maí 2018, en í aðgerðaáætlun með henni var að finna 36 aðgerðir. Til að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar, var skipaður stýrihópur í september 2019. Til að treysta enn betur innleiðingu stefnunnar var skipað matarstefnuteymi Reykjavíkurborgar undir stjórn verkefnastjóra matarstefnu, sem ráðinn var inn haustið 2021. Innleiðingu er ekki lokið nema að hluta. Gildistími Matarstefnunnar var til áramóta 2022/2023. Innleiðing Matarstefnu er ein af aðgerðum í Lýðheilsustefnu, Græna planinu og Loftslagsáætlun Reykjavíkur.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að uppfæra fyrri matarstefnu Reykjavíkur ásamt aðgerðaráætlun til að að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Mikilvægt er að Reykjavík kortleggi hvaða markmið eigi að setja varðandi matarmál og hvernig þeim sé náð, líkt og fyrri starfshópur gerði. Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi og er mikilvægt að huga að framlagi matvæla hvað varðar kolefnisspor, sjálfbærni og hringrásarhugsun. Í eigin matarframleiðslu þarf borgin að tryggja að máltíðir sem eru framreiddar af Reykjavíkurborg séu vel samsettar og góðar. Til að vinna gegn loftslagsbreytingum er einnig mikilvægt að máltíðir séu framleiddar í sátt við umhverfi og náttúru og að dregið sé úr soun eftir fremsta megni. Reykjavíkurborg framleiðir milljónir máltíða á ári hverju og ber mikla ábyrgð á næringarástandi þeirra sem reiða sig að hluta eða nær eingöngu á máltíðir frá borginni og getur með vali sínu á matvælum einnig haft gríðarleg áhrif á þróun matvælaframboðs. Þá hefur hlutur aðkeyptrar matarpjónustu farið vaxandi í stofnunum borgarinnar og er mikilvægt að móta frekari stefnu hvað þetta varðar.

#### Helstu verkefni:

- Endurskoða og uppfæra matarstefnu Reykjavíkurborgar frá 2018-2022. Við mótun stefnunnar skal taka mið af Græna planinu, sjálfbærni, næringarmarkmiðum, lýðheilsu, félagslegum þáttum, hagkvæmni, rekstrarfyrirkomulagi, framleiðslumöguleikum, nýsköpun á öllum stigum, umhverfisþáttum eins og markmiðum um að draga úr matarsoun, setningu markmiða um hlutfall lífræns hráefnis og kortlagningu á þáttum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-30 um borgarbúskap.
- Endurskoða og uppfæra aðgerðar- og innleiðingaráætlun matarstefnunnar
- Undirbúa þátttöku Reykjavíkurborgar í Milan Urban Food Policy Pact.



**Stýrihópin skipta:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi, formaður  
Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi  
Friðjón R. Friðjónsson, borgarfulltrúi  
Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi  
Trausti Breiðfjörð Magnússon, borgarfulltrúi

**Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:**

Dr. Ellen Alma Tryggvadóttir, verkefnastjóri matarstefnu Reykjavíkurborgar

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Þverfaglegt Matarstefnuteymi Reykjavíkurborgar  
Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni drögum að endurskoðaðri matarstefnu fyrir 31. maí 2023 og kostnaðarmetinni aðgerðaráætlun fyrir 31. október 2023

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

[Matarstefna Reykjavíkurborgar 2018-2022](#)